

Borgarráð

Tillaga um endurskoðun á lántökuheimildum á árinu 2017

Lagt er til að borgarráð samþykki að veita heimild til að auka lántökur A-hluta á árinu 2017 um allt að 1.800 mkr með skuldabréfaútgáfu til að fjármagna íbúðakaup til að leysa tímabundið bráðavanda þeirra sem ekki geta tryggt sé húsnæði án aðstoðar á meðan varanlegri lausnir verða fundnar. Jafnframt verði samþykkt að veita fjármálastjóra umboð f.h. Reykjavíkurborgar til þess að undirrita nauðsynlega gerninga sem tengjast þessari skuldabréfaútgáfu, sem og til þess að taka á móti og undirrita, gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar sem tengjast lántökum þessum, enda verði einstakar lántökur lagðar fyrir borgarráð til afgreiðslu.

Greinargerð

Fjallað er um í tillögu um viðauka við fjárhagsáætlun 2017 vegna kaupa Eignasjóðs á íbúðum til að leysa tímabundið bráðavanda þeirra sem ekki geta tryggt sé húsnæði án aðstoðar.

Samkvæmt endurskoðaðri fjárhagsáætlun ársins er heimilt til að taka lán fyrir allt að 3.012 mkr vegna áformaðra framkvæmda og fjárfestinga á árinu 2017. Þá liggur einnig fyrir samþykki fyrir allt að 5.000 mkr lántökum vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð. Fyrirliggjandi lántökuheimildir nema þannig 8.012 mkr og hafa 6.702 mkr verið nýttar, þ.a. 4.915 mkr vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð. Með samþykkt tillögunnar verða lántökuheimildir ársins 2017 um 9,812 mkr.

Tillagan felur í sér breytingu á sjóðsstreymi Eignasjóðs, A-hluta og Samstæðu Reykjavíkurborgar.

Tillagan felur í sér breytingu á fjárhagsáætlun sem þarfnast staðfestingar borgarstjórnar.

Dagur B. Eggertsson